

# HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands  
Odda v/Sturlugötu  
Sími: 525-4500/525-4553  
Fax nr: 552-6806  
Heimasíða: [www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is)  
Tölvufang: [ioes@hag.hi.is](mailto:ioes@hag.hi.is)

Skýrsla nr. C92:06

## **Hagkvæmni sameiningar stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**

Skýrsla til Samtaka sveitarfélaga  
á höfuðborgarsvæðinu

1992



## Formáli

Skýrsla þessi er um hugsanlegan sparnað af aukinni samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og er samin að beiðni samtaka þeirra. Vonast er til að efni hennar nýtist í þeirri umræðu um hagræðingu sem nú á sér stað. Af hálfu Hagfræðistofnunar hefur Svanhildur Sveinbjörnsdóttir hagræðingur, unnið að þessari samantekt.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands  
í júní 1992,

Guðmundur Magnússon.

# Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur og helstu niðurstöður	3
2. Stærð sveitarfélaga	5
2.1. Rök sem mæla með litlum sveitarfélögum	5
2.2. Rök sem mæla með stórum sveitarfélögum	5
2.3. Stærðarhagkvæmni og lítil sveitarfélög	6
3. Útgjöld sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	8
4. Málaflokkar	12
4.1 Fjárhagslegur ávinningur sameiningar	12
4.2. Yfirstjórn	13
4.3. Nefndir	14
4.4. Rafmagnsveita	16
4.5. Vatnsveita	17
4.6. Hitaveita	18
4.7. Brunamál og almannavarnir	20
4.8. Samgöngur	21
4.8.1. Almennings­samgöngur	21
4.8.2. Þjóðhagsleg arðsemi almenningsvagnakerfis	22
4.9. Skipulagsmál	23
Heimildir	24
Viðaukar	25

# 1. Inngangur og helstu niðurstöður

Með þessari áfangaskýrslu er leitast við að svara þeirri spurningu hvort ná megi fram sparnaði og hagræðingu í rekstri, ef stofnanir og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu yrðu sameinuð. Sveitarfélögin sem hér um ræðir eru Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Bessastaðahreppur og Kjalarneshreppur. Kjósarhreppur sem er aðili að Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er undanskilinn í þessari úttekt sökum þess að þar er enginn þéttbýliskjarni og íbúar eru fáir.

Ólíklegt er að markmið um meiri hagkvæmni og bætta þjónustu til handa skattborgurum höfuðborgarsvæðisins náist fram í málaflökkum eins og skólamállum og æskulýðs- og íþróttamálum þótt sveitarfélögin sameinist. Þess vegna eru hér fyrst og fremst skoðaðir þeir málaflokkar sem hugsanlega gæta haft í för með sér fjárhagslegan ávinning ef til sameiningar kæmi.

Þar sem málaflökkarnir eru margir og hafa að geyma ólíka starfsemi, er þessari skýrslu einungis ætlað að gefa hugmyndir um hvar megi spara og af hvaða stærðargráðu sá sparnaður yrði, út frá ársreikningum sveitarfélaganna, þar sem það er hægt. Hafa ber í huga að allar tölur sem reiknaðar eru út varðandi ávinning af sameiningu sveitarfélaganna eru aðeins vísbending og forsendur allar mjög einfaldaðar. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu notast við ólíkar reglur við flokkun kostnaðar í bókhaldi og veldur það því að taka verður öllum samanburði með fyrirvara. Samræming á bókhaldi sveitarfélaganna er helsta forsenda þess að hægt sé að fá marktækan samanburð en þeim málum miðar í rétta átt.

2. kafli fjallar um þau rök sem mæla með stórum og litlum sveitarfélögum. Einnig er þar athugað hvernig sameina megi kosti lítilla sveitarfélaga og kosti stórrækstrar.

Í 3. kafla er rekstrargjöldum sveitarfélaganna skipt í tvo flokka. Annars vegar í flokk þar sem pólitískar ákvarðanir og aldurssamsetning íbúanna ráða mestu um útgjöldin og hins vegar í flokk þar sem útgjöldin tengjast fyrst og fremst beinni og nauðsynlegri þjónustu við íbúa í þéttbýli.

Í 4. kafla eru síðan skoðaðir einstakir málaflokkar, reynt að skýra starfsemi þeirra og hvað sameining fyrirtækja innan þeirra gæti haft í för með sér.

## Meginniðurstöður þessarar úttektar eru sem hér segir:

1. Niðurstöður útreikninga sýna að heildarávinningur af sameiningu fyrirtækja og stofnana, í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, í þeim fimm málaflokkum sem athugunin nær til, gæti numið allt að 1,5 milljörðum á 10 árum. Er þá miðað við 6,5% reiknivexti. Kostnaður við sameiningu er ekki í þessari tölu en hann hefur ekki úrslitaáhrif á þann ávinning sem ná má fram, þar sem kostnaðurinn fellur aðeins til "einn sinni" en ábatinn af sameiningunni skilar sér um ókomna framtíð.
2. Hagkvæmni í rekstri sveitarfélaga má auka með því að skilja á milli þess að annast framboð og stunda framleiðslu, þannig að sveitarfélögin sjái aðeins um framboðshliðina og bjóði út alla þjónustu til einkaaðila. Með því móti geta sveitarfélögin notið kostnaðs lítilla stjórnunareininga og hagkvæmni stórrækstrar.
3. Með sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu yrði stærsti ávinningurinn á sviði yfirstjórnunar, en þar getur sparnaðurinn numið á bilinu 73-109 milljónum kr. á ári.
4. Á höfuðborgarsvæðinu starfa u.þ.b. 900 manns í nefndum á vegum sveitarfélaganna. Með því að sameina sveitarfélögin má lækka nefndarkostnað um 18-27 milljónir kr. á ári.
5. Veitufyrirtæki eru fjármagnsfrek og þess vegna er ekki talið hagkvæmt að reka fleiri en eitt á hverju veitusvæði. Rafmagnsveita Reykjavíkur, Hitaveita Reykjavíkur og Vatnsveita Reykjavíkur þjóna yfir 80% af íbúum höfuðborgarsvæðisins. Þessi þrjú fyrirtæki geta þjónað öllu höfuðborgarsvæðinu og með tilkomu stærra markaðssvæðis nýtist fjárfesting þeirra og þekking enn betur. Ef aðeins yrði eitt fyrirtæki í hverri grein veitumála á höfuðborgarsvæðinu, má búast við að mestur sparnaður komi fram á sviði yfirstjórnunar og skrifstofukostnaðar. Sem dæmi um sparnað á þessu sviði má nefna að ef Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafveita Hafnarfjarðar sameinuðu rekstur dreifikerfis og aðeins yrði um eina yfirstjórn að ræða og eitt innheimtakerfi yrði hægt að spara á bilinu 37-42 milljónir á ári.  
  
Til að meta fjárhagslegan ávinning af sameiningu veitufyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu þarf miklu ýtarlegri rannsókn heldur en hægt er að framkvæma í þessari úttekt.
6. Ná mætti fram sparnaði á bilinu 21-25 milljónir ári ef Slökkvilið Hafnarfjarðar og Slökkvilið Reykjavíkur yrðu sameinuð.
7. Þar sem engin reynsla er komin á rekstur samgöngufyrirtækisins Almenningsvagnar bs. er ekki hægt að svo stöddu að segja til um hvort hagræða megi meira með því að S.V.R. bjóði út allan sinn rekstur eins og Almenningsvagnar bs. gera, eða að S.V.R. þjóni öllu höfuðborgarsvæðinu.
8. Ef skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu verða á hendi eins aðila, þá er möguleiki á að spara á bilinu 5,5-8 milljónir á ári.

## 2. Stærð sveitarfélaga

### 2.1. Rök sem mæla með litlum sveitarfélögum

Íbúar fámenns sveitarfélags geta á auðveldan og ódýran hátt aflað sér upplýsinga um sveitarstjórnarmál. Þar sem allt er smátt í sniðum skilja íbúarnir betur eðli og hlutverk stjórn mála viðkomandi sveitarfélags, þ.e. allt stendur fólki "nær".

Því minna sem sveitarfélagið er, því nánara er sambandið milli ákvarðana um útgjöld og þeirra tekna sem þarf til að fjármagna útgjöldin.

Sveitarstjórnir eru þeim mun fleiri sem sveitarfélög eru minni. Þetta leiðir til þess að fjölmennari hópur kynnist stjórn málum af eigin raun, það veitir þeim ákveðna reynslu sem bæði getur nýst til aðhalds við landskjörið þing eða til beinnar þátttöku á sviði landsmála.

Sveitarstjórnir smærri sveitarfélaga eiga auðveldara með að endurspegla vilja íbúanna.

### 2.2. Rök sem mæla með stórum sveitarfélögum

Stór sveitarfélög hafa meiri möguleika á að ná fram stærðarhagkvæmni í framleiðslu á þeirri vöru og þjónustu sem sveitarfélögin annast.

Sveitarfélögunum fækkar með sameiningu í stærri einingar, þetta hefur í för með sér sparnað í stjórnunarkostnaði ríkisins, þar sem ódýrara er fyrir ríkisvaldið að hafa samskipti við fáar sveitastjórnir.

Því stærri sem sveitarfélögin eru, þeim mun auðveldari verður tekjujöfnun innan svæðisins. Þetta helgast af því að minni sveitarfélög hafa tilhneigingu til að verða einsleit hvað varðar afkomu og félagslega stöðu íbúanna.

## 2.3. Stærðarhagkvæmni og lítil sveitarfélög

Helstu rök fyrir sameiningu sveitarfélaga eru að með því móti er hægt að ná fram stærðarhagkvæmni í rekstri þeirra, sem leitt getur til hagkvæmari stjórnunar og betri fjárhagstöðu sveitarfélaganna.

Smærri sveitarfélög búa einnig yfir kostum sem gætu tapast við stækkun þeirra. Hér á eftir verða nefnd þau rök sem uppi eru þegar rætt er um hagkvæmustu stærð sveitarfélaga.

Þegar fyrirtæki stækkar verður sífellt erfiðara fyrir stjórnendur þess að fylgjast með öllum þáttum starfseminnar. Þetta sama á við þegar sveitarfélög stækka, þá kemur í ljós óhagkvæmni stórrekstrar hvað varðar yfirsýn stjórnenda. Eðli lýðræðisins er þannig að kjósendinn á að hafa eftirlit með þeim kjörna. En með stækkun sveitarfélaga verður erfiðara og dýrara fyrir kjósendann að afla sér upplýsinga um þau mál sem sveitarfélagið annast, og jafnframt að láta í ljós vilja sinn í þeim efnum. Þetta leiðir til þess að sveitastjórnir færast fjær "grasrótinni" eftir því sem stjórnmeiningin verður stærri.

Einnig hefur verið bent á að þegar sveitarfélög stækka þá aukist völd launaðra embættismanna í kjölfarið. Þar sem þeir eru í fullu starfi hafa þeir betri tíma og tækifæri til að fylgja málum eftir, þ.e. þeir fá meiri þjálfun til starfa á vegum sveitarfélaganna heldur en fyrirferðarmiklar nefndir sem í eiga sæti kjörnir fulltrúar í hlutastörfum. Á móti kemur að sveitarfélögin þurfa að vera stór til þess að geta ráðið til sín vel menntaða stjórnendur og starfsfólk.

Önnur helstu rök með stærri sveitarfélögum eru þau að tekjujöfnun verði meiri innan stærri eininga. En á móti kemur að í stórum sveitarfélögum er vilji kjósendanna dreifðari og erfiðara er að láta hann í ljós við rétt yfirvöld.

Upplýsingar sem til eru um stærðarhagkvæmni sveitarfélaga eru haldlitlar, því þótt til séu gögn um stærð sveitarfélaga og útgjöld, liggja engar upplýsingar fyrir um hvort sveitarfélögin starfi á hagvæmasta hátt. Hægt er að komast hjá þessu vandamáli með því að aðskilja framboð og framleiðslu þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin annast.

Stærðarhagkvæmni má ná fram á framleiðsluhlið sveitarfélaganna á nokkra ólíka vegu:

Í fyrsta lagi er hægt að einkavæða hluta framleiðslunnar. Markmið með einkavæðingu er að auka hagkvæmni í rekstri og draga úr framlögum sveitarfélaganna án þess að rýra gæði þjónustunnar. En einkavæðing getur valdið vandkvæðum varðandi verð til neytenda og þjónustustig. Þar sem einkafyrirtæki leitast við að hámarka hagnað, þá geta þeir viðskiptavinir sem útheimta hærri kostnað, t.d. vegna þess að þeir búa fyrir utan þéttbýliskjarna, þurft að borga hærri verð fyrir sömu þjónustu.

Í öðru lagi geta sveitarfélögin boðið út framkvæmdir og þjónustu til einkaaðila eða annarra sveitarfélaga. Með þessu móti myndast samkeppni milli verktaka áður en starfsemin hefst. Markmið með útboði er það sama og með einkavæðingu, þ.e. að auka hagkvæmni í rekstri og lækka kostnað án þess að skerða gæði þjónustunnar. Kostir þessa fyrirkomulags eru að sveitarfélögin hafa ótvírætt forræði yfir því hvaða verkefnum skuli sinnt og hvað starfsemin



má kosta.

Í þriðja lagi geta sveitarfélög veitt fyrirtækjum einkaleyfi eða svokallað sérleyfi til að starfa á markaðnum. Í því felst að ákveðnu fyrirtæki eru veitt tímabundin réttindi til að starfa eitt á markaði við framleiðslu og/eða dreifingu á ákveðnum vörum eða þjónustu. Þessi leið er hentug þegar markaðurinn er of lítil fyrir mörg fyrirtæki til að keppa á. Þetta á sérstaklega við um þær greinar sem eru frekar til fjármagns eða vinnuafis en þau fyrirtæki eru sögð búa við "náttúrulega einokun".

Ef einhver þessara þriggja leiða er farin breytist sveitarfélagið úr því að vera framleiðandi í það að vera umboðsaðili kaupenda (íbúa sveitarfélagsins) sem á viðskipti við aðra.

### Niðurstaða

Hagkvæmni í rekstri sveitarfélaga má því auka samkvæmt ofansögðu með því að:

- A. Greina á milli framboðs og framleiðslu, þannig að sveitarfélögin sjái aðeins um það fyrrnefnda og beini sjónum sínum alfarið til þess að ná sem hagstæðustum samningum við verktaka.
- B. Sveitarfélögin geti valið og hafnað verktökum á grundvelli frjálstrar samkeppi.


Sveitarfélög geta náð fram stærðarhagkvæmni í rekstri með verkkaupum frá einkaaðilum. Eftir því sem sveitarfélögin skipta meira við verktaka þá fjölgar þeim en það leiðir til aukinnar samkeppni og sveigjanleika á viðkomandi markaði sem leiðir aftur til meiri hagkvæmni.

Með þessu móti geta sveitarfélög notið hagkvæmni lítilla stjórnunareininga og hagkvæmni stórrekstrar.

### 3. Útgjöld sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Í töflu 3.b. á bls.10 hefur málaflokkum sveitarfélaganna verið skipt niður í tvo flokka. Í fyrsta flokki eru rekstrarútgjöld sveitarfélaganna sem ráðast fyrst og fremst af aldursdreifingu hvers sveitarfélags eins og t.d. útgjöld til félags- og skólamála. Einnig eru í þessum flokki þau rekstrarútgjöld sem segja má að fylgi að mestu leyti þeim tekjum sem sveitarfélögin hafa yfir að ráða, svokölluð gæluverkefni, t.d. menningarmál og íþróttamál.

1. mynd  
Rekstrargjöld í flokki 1. Kr. á íbúa




Á 1. mynd sést að Reykjavík ver samanlagt mestu fé til þeirra málaflokka sem tilheyra fyrsta flokki. Af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er Reykjavík með hæstar rekstrartekjur pr. íbúa og segja má að það speglar að hluta til í útgjöldum þess.

Reykjavík ver mestu fé til félagsmála á íbúa af þeim átta sveitarfélögum sem hér eru til athugunar. Útgjöld til dagvistunarmála og starfsemi í þágu aldraðra eru um 30% af heildarútgjöldum til félagsmála hjá Reykjavík. Tafla 3.c. sýnir að Reykjavík er með hæsta hlutfall þeirra aldursflokka sem tengjast dagvistunarmálum og þeirri starfsemi sem lýtur að öldruðum. Í Mosfellsbæ og Garðabæ er þetta hlutfall lægst og útgjöld til félagsmála eru tiltölulega lág miðað við hin sveitarfélögin. Kjalarnes- og Bessastaðahreppur hafa ákveðna sérstöðu sökum þess hve fámenn þau eru. Því má segja að aldursdreifing skýri að stórum hluta mismunandi útgjöld sveitarfélaganna til félagsmála. Sömu sögu er hægt að segja um fræðslumál en þar skiptir máli fjöldi grunnskólabarna.

Í öðrum flokki eru rekstrarútgjöld sem tengjast fyrst og fremst beinni og nauðsynlegri þjónustu við íbúa í þéttbýli. Í þessum flokki eru þeir málaflokkar þar sem mestar líkur eru á að hægt sé að ná fram hagræðingu ef til sameiningar sveitarfélaganna kemur. Á 2. mynd sést að útgjöld á íbúa í þessum flokki eru mun lægri hjá Reykjavík en hjá hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Minnstu sveitarfélögin, Bessastaðahreppur og Kjalarneshreppur, eru hér með hæstu útgjöld á íbúa. Sveitarfélögin sem eru á milli þeirra minnstu og Reykjavíkur eru með mjög svipuð útgjöld á íbúa. Miðað við að útgjöld lækki þegar stærð sveitarfélags vex, þá bendir allt til þess að um stærðarhagkvæmni sé að ræða í rekstri. Í þeim málefnum sem tengjast flokki 2 er því hægt að ná fram hagræðingu með sameiningu eða samvinnu sveitarfélaganna.

2. mynd  
 Rekstrargjöld í flokki 2. Kr. á íbúa



Í töflu 3.b. er málaflokkurinn götur, holræsi og umferðarmál í hvorugum flokknum en að öllu jöfnu á hann að tilheyra flokki 2, en þar sem útgjöld til þessara mála eru ekki sambærileg milli Reykjavíkur og hinna sveitarfélaganna þá er þessi málaflokkur ekki hluti af heildartölunni. Það sem torveldar samanburð í þessum málaflokki er að Reykjavík tekur þátt í uppbyggingu og viðhaldi á þjóðvegum sem liggja í gegnum borgina en ríkið á í raun að bera þann kostnað. Þar sem þessar framkvæmdir eru ekki sundurliðaðar í ársreikningi Reykjavíkurborgar og hin sveitarfélögin bera ekki sambærilegan kostnað, er ekki hægt að meta að svo stöddu hvort ná megi fram hagræðingu með því að láta aðeins einn aðila sjá um þessi mál á höfuðborgarsvæðinu.

Gera þarf mun viðameiri úttekt ef leggja á tölulegt mat á þann sparnað sem hægt yrði að ná fram, ef þau fyrirtæki, sem sjá um lagnir og endurbætur á holræsum og götum, yrðu sett undir einn hatt.

Tafla 3.a.

## Rekstrargjöld sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, kr. á íbúa, meðaltal áráanna 1987 - 1990 á verðlagi ársins 1990

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Garðabær	Mostfellsbær	Seltjarnarnes	Bessastaðahr.	Kjalarneshr.
<b>MÁLAFLOKKAR</b>								
Yfirstjórn	3.633	4.987	5.449	6.775	5.221	5.814	11.659	9.139
Almannatrygg. / Félagsmál	29.429	21.005	18.170	11.368	11.861	16.955	8.891	10.052
Heilbrigðismál	2.580	1.416	1.984	1.158	2.694	1.998	1.542	893
Fræðskulmál	10.687	14.129	10.551	13.449	12.383	12.383	12.920	24.115
Menningarmál	3.235	1.826	2.119	1.359	2.115	2.016	748	2.504
Æskulýða- og íþróttamál	4.495	3.791	6.453	5.989	5.563	2.623	4.796	1.407
Brunamál / Almannaávarnir	613	1.414	2.381	2.517	1.503	1.382	2.110	1.254
Hreinlætismál	3.649	3.183	3.087	3.819	4.038	2.988	1.808	4.899
Skipulags- og byggingarmál	2.099	2.213	1.979	1.268	1.209	2.455	1.961	3.988
Götur, holræsi og umferðarmál	15.720	6.548	6.008	2.451	4.672	4.332	778	7.390
Alm.garðar og útlívist	1.898	2.003	1.594	1.320	623	1.156	1.584	209
Fjármagnskostnaður	581	4.190	6.741	3.301	3.878	4.689	9.153	11.350
Önnur mál	1.264	4.930	4.254	3.402	4.425	4.198	3.397	7.706
Vatnsveita	-1.104	-1.999	-705	-3.201	-1.589	-681	-875	-254
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>78.779</b>	<b>69.636</b>	<b>70.065</b>	<b>54.975</b>	<b>58.596</b>	<b>62.008</b>	<b>60.472</b>	<b>84.652</b>

## Rekstrargjöld sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í %

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Garðabær	Mostfellsbær	Seltjarnarnes	Bessastaðahr.	Kjalarneshr.
<b>MÁLAFLOKKAR</b>								
Yfirstjórn	4,61	7,16	7,76	12,32	8,91	9,38	19,28	10,80
Almannatrygg. / Félagsmál	37,36	30,16	25,93	20,68	20,24	27,34	14,70	11,87
Heilbrigðismál	3,27	2,03	2,83	2,11	4,60	3,22	2,55	1,05
Fræðskulmál	13,57	20,29	15,06	24,46	21,13	19,97	21,37	28,49
Menningarmál	4,11	2,62	3,02	2,47	3,61	3,25	1,24	2,96
Æskulýða- og íþróttamál	5,71	5,44	9,21	10,89	9,49	4,23	7,93	1,66
Brunamál / Almannaávarnir	0,78	2,03	3,40	4,58	2,57	2,23	3,49	1,48
Hreinlætismál	4,63	4,57	4,41	6,95	6,89	4,82	2,09	5,79
Skipulags- og byggingarmál	2,66	3,18	2,82	2,31	2,06	3,96	3,24	4,71
Götur, holræsi og umferðarmál	19,95	9,40	8,57	4,46	7,97	6,99	1,29	8,73
Alm.garðar og útlívist	2,41	2,88	2,28	2,40	1,06	1,86	2,62	0,25
Fjármagnskostnaður	0,74	6,02	9,62	6,00	6,62	7,56	15,14	13,41
Önnur mál	1,60	7,08	6,07	6,19	7,55	6,77	5,52	9,10
Vatnsveita	-1,40	-2,87	-1,01	-5,82	-2,71	-1,58	-1,45	-0,30
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>	<b>100,00</b>

Tafla 3.b.

## Rekstrargjöld sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, kr. á íbúa, meðaltal áráanna 1987 - 1990 á verðlagi ársins 1990

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Garðabær	Mostfellsbær	Seltjarnarnes	Bessastaðahr.	Kjalarneshr.
<b>Flokkur 1</b>								
Almannatrygg. / Félagsmál	29.429	21.005	18.170	11.368	11.861	16.955	8.891	10.052
Fræðskulmál	10.687	14.129	10.551	13.449	12.383	12.383	12.920	24.115
Heilbrigðismál	2.580	1.416	1.984	1.158	2.694	1.998	1.542	893
Menningarmál	3.235	1.826	2.119	1.359	2.115	2.016	748	2.504
Æskulýða- og íþróttamál	4.495	3.791	6.453	5.989	5.563	2.623	4.796	1.407
Alm.garðar og útlívist	1.898	2.003	1.594	1.320	623	1.156	1.584	209
<b>Samtals flokkur 1</b>	<b>52.324</b>	<b>44.170</b>	<b>40.871</b>	<b>34.643</b>	<b>35.239</b>	<b>37.131</b>	<b>30.481</b>	<b>39.180</b>
<b>Flokkur 2</b>								
Yfirstjórn	3.633	4.987	5.449	6.775	5.221	5.814	11.659	9.139
Brunamál / Almannaávarnir	613	1.414	2.381	2.517	1.503	1.382	2.110	1.254
Hreinlætismál	3.649	3.183	3.087	3.819	4.038	2.988	1.808	4.899
Skipulags- og byggingarmál	2.099	2.213	1.979	1.268	1.209	2.455	1.961	3.988
Önnur mál	1.264	4.930	4.254	3.402	4.425	4.198	3.397	7.706
<b>Samtals flokkur 2</b>	<b>11.258</b>	<b>16.727</b>	<b>17.150</b>	<b>17.781</b>	<b>16.396</b>	<b>16.837</b>	<b>20.935</b>	<b>26.986</b>
Götur, holræsi og umferðarmál	15.720	6.548	6.008	2.451	4.672	4.332	778	7.390
Fjármagnskostnaður	581	4.190	6.741	3.301	3.878	4.689	9.153	11.350
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>79.883</b>	<b>71.635</b>	<b>70.770</b>	<b>58.176</b>	<b>60.185</b>	<b>62.989</b>	<b>61.347</b>	<b>84.906</b>

Allar tölur eru nettó tölur, þannig að sé um að ræða tölur í málaflökkum eru þær dregnar frá gjöldum.  
Allar tölur eru reiknaðar á verðlagi ársins 1990 m.v. lánskjaravísitölu.

**Tafla 3.c. Aldurshópar sem tengjast félags- og fræðslumálum í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags**

	0-4 ára / 65 ára og eldri	4-15 ára
Reykjavík	21.41%	14.37%
Kópavogur	17.64%	16.44%
Hafnarfjörður	17.64%	18.27%
Garðabær	13.89%	16.28%
Mosfellsbær	12.25%	20.35%
Seltjarnarnes	15.09%	16.17%
Bessastaðahr.	13.17%	22.64%
Kjalarneshr.	14.16%	21.96%

## 4. Málaflokkar

Í þessum kafla eru skoðaðir málaflokkar þar sem mestar líkur eru á að hagræðing næðist, væru stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sameinuð. Borinn er saman kostnaður á íbúa við rekstur hvers málaflokks í hverju sveitarfélagi um sig. Síðan er út frá þessu reynt að meta þann fjárhagslega ávinning sem sameining einstakra stofnana og fyrirtækja hefði í för með sér. Einnig er greint frá því hvernig rekstri viðkomandi málaflokka er háttað hjá hverju sveitarfélagi.

### 4.1. Fjárhagslegur ávinningur sameiningar

Tafla 4.1. sýnir þann fjárhagslega ávinning sem mögulegt væri að ná ef sveitarfélögin myndu sameinast. Hámarkssparnaður miðast við að rekstrarkostnaður allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu yrði svipaður á íbúa og í Reykjavík. Lágmarkssparnaður miðast við það að full hagræðing náist ekki. Kostnaður sveitarfélaganna af þessum málaflokkum myndi þá samsvara vegnum meðalkostnaði sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.


Tafla 4.1. Fjárhagslegur ávinningur sameiningar

Málaflokkar	Hámarks sparnaður	Lágmarks sparnaður
Yfirstjórn	109.000.000	73.000.000
Nefndir	27.000.000	18.000.000
Brunamál	30.000.000	25.000.000
Rafmagnsveita	42.000.000	37.000.000
Skipulagsmál	80.000.000	5.500.000
Samtals	216.000.000 kr á ári	158.500.000 kr á ári

Með sameiningu fyrirtækja og stofnana í þeim 5 málaflokkum sem sýndir eru í töflu 4.10. getur heildarsparnaður yfir 10 ára tímabil numið á bilinu 1,1 - 1,5 miljörðum miðað við 6,5% reiknivexti. Ekki gafst tækifæri til að meta þann kostnað sem fylgir því að sameina einstök fyrirtæki, en þar sem hann greiðist aðeins einu sinni má gera ráð fyrir að hann hafi ekki úrslitaáhrif á heildarávinning.

## 4.2. Yfirstjórn

3. mynd  
Kostnaður við yfirstjórn, kr. á íbúa,  
meðaltal áráanna 1987-1990 á verðlagi 1990



Garðabær er með hæstan yfirstjórnunarkostnað á íbúa af sex stærstu sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu þau fjögur ár sem hér eru til samanburðar. Reykjavík er með lægstan kostnað á íbúa í þessum málaflokki. Á 3. mynd má sjá að minnstu sveitarfélögin, Kjalarneshreppur og Bessastaðahreppur, koma verst út. Í Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Kópavogi er kostnaðurinn við yfirstjórn mjög svipaður. Hér ber að hafa í huga að nokkuð er misjafnt hvernig skrifstofukostnaður er færður á deildir og málaflokka hjá hverju sveitarfélagi, það getur valdið því að yfirstjórnunarkostnaður er lægri en ella, t.d. hjá Kópavogi. Reynt hefur verið að leiðrétta yfirstjórnunarkostnað hjá Garðabæ með því að taka tæknideild úr málaflokknum yfirstjórn og flokka hana undir skipulags- og byggingarmál.

### Niðurstaða

Í þessum málaflokki er hægt að ná fram sparnaði upp á 109 milljónir króna á ári ef yfirstjórnunarkostnaður á íbúa yrði sá sami á öllu höfuðborgarsvæðinu og hann er í Reykjavík. Gera má ráð fyrir að hann lækki ekki svo mikið þar sem búast má við að einhver staðbundin ráð komi í stað sveitarstjórna, en þótt svo væri gæti sparnaðurinn numið allt að 73 milljónum króna á ári. 3. mynd gefur sterklega til kynna að kostnaður við yfirstjórn lækkar þegar sveitarfélögin stækka.


### 4.3. Nefndir

Tafla 4.3. Nefndakostnaður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, kr. á íbúa á verðlagi ársins 1990

	1987	1988	1989	1990	Meðaltal
Reykjavík	256	230	240	220	237
Kópavogur	718	934	1073	645	842
Hafnarfjörður	800	730	803	946	820
Garðabær	841	591	695	863	748
Mosfellsbær	482	308	249	326	341
Seltjarnarnes	955	310	259	349	468
Bessastaðahr.	794	810	760	1179	886
Kjalarneshr.	1317	862	1172	1120	1118

Samkvæmt sveitarstjórnarmannatali starfa u.þ.b. 900 manns í hinum ýmsu stjórnunum og nefndum á vegum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Í töflu 4.3. og á 4. mynd má sjá að nefndarkostnaður á íbúa er lægstur í Reykjavík. Mosfellsbær og Seltjarnarnes koma þar næst á eftir en þau er svipuð að stærð með rúmlega 4000 íbúa. Kópavogur og Hafnarfjörður sem eru stærstu sveitarfélögin á eftir Reykjavík, verja um helmingi hærra upphæð til nefndarstarfa en tvö fyrir nefndu sveitarfélögin. Minnstu sveitarfélögin, Bessastaða- og Kjalarneshreppur, eru með hæstan nefndarkostnað pr. íbúa. Af þessu má draga þá ályktun að stærðarhagkvæmni gætir hjá Reykjavíkurborg varðandi nefndarkostnað.

4. mynd  
Nefndarkostnaður, kr. á íbúa,  
meðaltal árunna 1987-1990 á verðlagi 1990





## Niðurstaða

Með sameiningu sveitarfélaganna er hugsanlegt að ná fram sparnaði í nefndakostnaði upp á 18 - 27 milljónir króna á ári. Er þá miðað að við nefndarkostnaður sveitarfélaganna yrði sá sami á íbúa og í Reykjavík. Í neðri mörkum er nefndarkostnaðurinn lækkaður niður í vegið meðaltal allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

#### 4.4. Rafmagnsveita

Rafveitur og raforkufyrirtæki hafa verið flokkuð sem svokölluð "náttúruleg einkasöluþyrirtæki", hvort heldur er í dreifingu, vinnslu eða flutningi. Hefur það verið rökstutt á þann hátt að þar sem raforkufyrirtæki þarfnist mikils fjármagns sé of dýrt að hafa fleiri en eitt á hverju svæði. Til að vernda notandann gegn óeðlilegum viðskiptaháttum af hendi einkasöluþyrirtækisins þá eru gjaldskrár slíkra fyrirtækja víðast hvar háðar samþykki yfirvalda sem ekki þyrfti að vera ef eðlileg samkeppni milli fyrirtækja væri til staðar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru starfandi tvær rafmagnsveitur, Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafveita Hafnarfjarðar.

Rafmagnsveita Reykjavíkur þjónar Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Garðabæ (norðan Hraunholtslækjar), Kjalarnesi (sunnan Saurbæjar) og Reykjavík. Mannfjöldinn á þessu orkusvæði miðað við 1. des. 1990 er u.þ.b. 129.000 einstaklingar eða 88% af íbúum höfuðborgarsvæðisins. Heildarkostnaður við rekstur veitukerfis nam kr. 165.428.000 árið 1990, eða 1.282 kr. á íbúa. Yfirstjórn, skrifstofu- og innheimtukostnaður nam kr. 137.600.000, á íbúa kr. 1.067.

Rafveita Hafnarfjarðar þjónar Bessastaðahreppi, Garðabæ (sunnan Hraunholtslækjar) og Hafnarfirði. Mannfjöldinn á þessu orkusvæði er u.þ.b. 17.000 einstaklingar miðað við 1. des. 1990. Heildarkostnaður við rekstur veitukerfis nam kr. 47.557.882 árið 1990, eða 2.798 kr. á íbúa. Skrifstofu- og innheimtukostnaður nam kr. 30.520.275 eða 1.795 kr. á íbúa.

#### Niðurstaða

Með sameiningu þessara tveggja rafveitna yrði aðeins um eina yfirstjórn að ræða og eitt innheimtukerfi. Af ofangreindum tölum má ætla að stærðarhagkvæmni sé til staðar í viðhaldi og rekstri dreifikerfis.

Ef rafmagnsveiturnar sameinuðust og rækju þar af leiðandi eitt innheimtukerfi og rekstur veitukerfis Hafnarfjarðar hefði í för með sér sama eða svipaðan kostnað á íbúa og rekstur veitukerfis hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þá væri hægt að spara á bilinu 37- 42 milljónir króna á ári.

## 4.5. Vatnsveita

Vatnsveita Reykjavíkur sér Seltjarnarnesi og Kópavogi fyrir vatni, auk Reykjavíkur. En hvert sveitarfélag hefur sitt eigið dreifikerfi. Vatnsveita Mosfellsbæjar kaupir að stærstum hluta vatn frá Reykjavík. Vatnsala til þessara þriggja sveitarfélaga nemur um 5% af heildartekjum Vatnsveitu Reykjavíkur. Áætlað hefur verið að á núverandi veitusvæði Vatnsveitu Reykjavíkur geti búið um 165.000 manns. Hafnarfjörður hefur sína eigin vatnsveitu og sækir vatn á Kaldárvæðið en þar er talið að sé nægjanlegt vatn til að anna þörfum bæjarins á næstum áratugum. Vatnsveita Garðabæjar sér einnig Bessastaðahreppi fyrir vatni. Vatn er fengið úr borholum sunnan Vífilsstaðavatns og talið er að auka megi afköst þessa svæðis til að anna vatnsþörf íbúa þessara tveggja sveitarfélaga. Staðbundnar vatnsveitur eru í Kjalarneshreppi og Kjósahreppi.

**Tafla 4.5. Rekstrarkostnaður vatnsveitna án fjármagnsliða og afskrifta, kr. á íbúa á verðlagi ársins 1990**

	1987	1988	1989	1990	Meðaltal
Reykjavík	2793	2800	2716	3434	2936
Kópavogur	2252	2705	2285	2564	2452
Hafnarfjörður	764	2237	2641	4312	2489
Garðabær	848	1005	1307	814	994
Mosfellsbær	2267	2552	2271	2349	2360
Seltjarnarnes	2321	2345	2461	2475	2401

### Niðurstaða

Tafla 4.5. sýnir að Vatnsveita Reykjavíkur er með hæstan rekstrarkostnað á íbúa af þeim sex vatnsveitum sem hér eru til skoðunar. Athuga þyrfti betur hvað liggur að baki þessum tölum. Um gæti verið að ræða mismunandi þjónustustig eða ólíka áherslu á uppbyggingu og endurnýjun á vatnsveitukerfum. Vatnsveitur, líkt og rafmagnsveitur, eru flokkaðar sem svokölluð "náttúruleg einkasöluþyrntæki" þar sem fastakostnaður slíkra fyrirtækja er mjög hár. Til að fjárfestingar og þekking nýtist sem best er því hagkvæmast að eitt fyrirtæki sjái um öflun og dreifingu á svæðinu. Vatnsveita Reykjavíkur sér um 83% af heildaríbúafjölda höfuðborgarsvæðisins fyrir vatni og rekur dreifikerfi sem nær til 67% íbúa svæðisins. Margt bendir til þess að Vatnsveitu Reykjavíkur mætti nýta betur með því að stækka markaðssvæði hennar. En til að meta þann fjárhagslega ávinning sem af því mundi hljóta þarf miklu ýtarlegri og viðameiri athugun.

## 4.6. Hitaveita

Hitaveita Reykjavíkur framleiðir og dreifir heitu vatni til Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kjalarneshrepps auk Reykjavíkur. Bessastaðahreppur kaupir allt heit vatn af Hitaveitu Reykjavíkur en rekur sjálfur sitt eigið dreifikerfi. Hitaveita Mosfellsbæjar kaupir rúmlega 70% af heildar heitavatsnotkun frá Hitaveitu Reykjavíkur en rekur sjálf dreifiveituna. Seltjarnarnes rekur sína eigin hitaveitu, þ.e. sér bæði um öflun og dreifingu á heitu vatni.

Kjalarneshreppur keypti vatn af H.R. og rak sitt eigið dreifikerfi fram til ársins 1989, en þá tók Hitaveita Reykjavíkur þar alfarið við öflun og dreifingu vatnsins. Árið 1987 nam skuld Kjalarneshrepps við Hitaveitu Reykjavíkur u.þ.b. 13% af heildarskuldum hreppsins. Árið 1988 var þessi tala orðin 20%. Skuldin hafði vaxið um 236% í krónum talið milli árunna 1987 og 1988. Við það að H.R. tók alfarið við þessari starfsemi þá batnaði skuldastaða Kjalarneshrepps verulega.

